

RUNE OG LENA

— í Norræna húsinu

Sænski trúbadúrin Rune Anderson og leik-konan Lena Nyman eru nú stödd hér á landi í boði Sænsk-Íslenska félagsins. Þau munu halda þrenna tónleika í Norræna húsinu, hinn fyrsta á fimmtudaginn kl. 20.30, síðan á laugardag kl. 16.00 og síðustu hljómleikarnir verða á sunnudag kl. 16.00.

Lena og Rune eru þekktir listamenn í heimalandi sínu, og

viðar. Hún fyrir leik sinn í kvik-myndum og á sviði, hann fyrir visnasöng sinn þar sem hann tekur gjarnan fyrir málefni þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu, svo sem fatlaðra, einmanaleikann í stórborgun-um, og þess háttar. Hann hefur gefið út 5 plötur sjálfur, en auk þess hafa þau Lena sungið sam-an á tvær plötur og Lena hefur gefið út eina plötu á eigin spýtur, ástarsöngva eftir sænsku skáld-konuna Karen Boyer.

A dagskrá þeirra verður einn-ig kvæðalestur, þar sem Lena mun meðal annars lesa íslensk kvæði sem þýdd hafa verið á sænsku.

Þess má geta hér, að Lena Nyman var kosin „snillingur ársins“ í Svíþjóð 1976. —hm.



Norræn veflist

— að Kjarvalsstöðum

VEFLISTINA hafa Norðurlöndin lagt stund á frá örófi alda, í fyrstu til að skýla limum fyrir veðri og vindum, síðar til augnayndis eða til heiðurs Guði og fylgildi hans. Á 20stu öld hefur veflistin smátt og smátt orðið að meiriháttar listgrein og stóðu þá Norðurlönd-in eðlilega frammarlega í þeirri þróun. Nú er svo komið að öll eiga þau sér mikilhæfa listamenn í þeirri grein og fara þeir sínar eigin leiðir, en eru þó sannfærðir um séreinkenni veflistar á Norðurlöndum.

Veflistinni hefur undanfarin ár verið ýmis sömi sýndur af lista-söfnum á Norðurlöndum, en þó ekki nægur að áliti margra lista-manna á þessu sviði. Fyrir tveim árum kom saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til að leggja drög að stórrí sýningu sem gæfi fyllri hugmynd um það sem væri að gerast í veflist á Norðurlöndum. Annaðist Félag textil-hönnuða undirbúning á því stigi fyrir Íslands hönd. Skyldi sú sýning fara fram á þriggja ára fresti og ferðast um þau öll. Með styrk frá Norræna Menningarmála-sjóðnum og annarri fyrirgreiðslu var síðan lagður grundvöllur að þeirri sýningu sem mun standa yfir að Kjarvalsstöðum frá 29. janúar til 20. febrúar.

Auglýst var eftir verkum og var skipuð dómnafnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum og sat Ásgerður Búadóttir í henni fyrir Íslands hönd. Nefndinni bárust alls 665 verk, en það eitt sýnir grósku veflistar á Norðurlöndum, og úr þessum fjölda valdi hún 116 verk til sýningar. 16 íslenskir veflistarmenn sendu inn verk og af þeim voru samþykkt verk eftir 6 listamenn og mega Íslendingar vera stoltir af því hlutfalli. Hófst þessi sýning síðan í Listasafninu í Alaborg, fór þaðan til Höviködden Listamiðstöðvarinnar í Osló, þaðan til Listasafnsins í Málmei, síðan til Waino Aaltonen Listasafns-ins í Abo, en þaðan kemur sýning-in hingað að Kjarvalsstöðum. Héðan fer hún svo til Listaskólans í Þórshöfn.

Hafa gagnrýnendur alls staðar lokið miklu lofsorði á þessa sýningu og er hún án efa ein sú glæsilegasta sem hingað hefur komið. Listamennirnir eru alls 95 og spanna verk þeirra yfir mynd-vefnað, teppi, ásaum, tauprykk, „Patchwork“-teppi, macramé, rýjateppi, batik, prjón, gobelin, ofín skulptúr og alls konar blandaða veftækni.

Menntamálaráðuneytið og Menntamálaráð styrktu þessa sýningu, Listaráð að Kjarvalsstöð-um hýsir hana og greiðir fyrir henni á ýmsan hátt, en undir-búning og uppsetningu annast þær Ásgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Sigrún Sverrisdóttir og Ragna Róbertsdóttir.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

Nótt ástmeyjanna flutt af litla sviði inu á stóra sviðið vegna aðsóknar

Vegna mikillar aðsóknar að sænska leikritinu NÓTT ÁSTM-EYJANNA eftir Per Olov Enquist, sem sýnt hefur verið á Litla sviði Þjóðleikhússins um alllangt skeið, hefur sýningin nú verið flutt upp á Stóra sviðið og verður sýnd þar framvegis. Leikritið fjallar sem kunnugt er um leikritaskáldið Agúst Strindberg, hjónabands-erfiðleika hans og Siri von Essen og ýmis mál, sem nú eru hvað efst á baugi varðandi jafn-rétti kynjanna og mannlega sam-búð. Leikhúsgestir og leikgagn-rýnendur hafa lokið miklu lofs-orði á sýninguna (sbr. hjálagðar tilvitnanir).

Jafnframt því að sýningin verður flutt á Stóra sviðið, verða þær breytingar á hlutverkaskipan, að Kristbjörg Kjeld tekur nú við hlutverki Marie David, sem Edda Þórarinsdóttir lék áður, en Marie þessi David er í leikritinu dönsk vinkona Siri von Essen og sakar Strindberg hana um að hafa tekið frá sér eiginkonuna. Fjórdra hlutverk leikritsins er leikið af Bessa Bjarnasyni og Sigmundi Erni Arngrímssyni til skiptis.

Leikritið Nótt ástmeyjanna var frumsýnt á Dramaten í Stokkhólmi fyrir einu og hálfu ári og hefur síðan verið sýnt um öll Norðurlönd og í fjölmörgum öðrum löndum Evrópu. Þykir það merkasta sænska leikritið, sem fram hefur komið lengi. Höfundur þess fékk fyrir nokkr-

um árum bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og þykir í hópi efnilegustu höfunda á Norður-

löndum nú.

Fyrsta sýningin á Nótt ástmeyjanna á Stóra sviðinu

verður á fimmtudagskvöldið kl. 20. og næsta sýning sunnudagskvöld.




Erlingur Gíslason og Kristbjörg Kjeld í hlutverkum sínum.


Tækni/Vísindi

Í þessari viku: Skýringar á ísöldum 2.

Margir vísindamenn álíta að ísaldarnar megi tengja svokölluðu hitajafnvægi jarðarinnar —, hlutfalli þess geislamagns sem sólin sendir til jarðar og þess geislamagns sem jörðin sendir aftur út í geiminn.



Utanáðkomandi geislun



Ýmsir þættir geta haft áhrif á þetta hlutfall. Svo sem rykagnir í andrúmsloftinu, sem hindra útgeislun og einnig magn koldíoxíðs í andrúmsloftinu, en sé það mikið verða áhrifin líkt og um gróðurhús væri að ræða.

Magn rykagna og koldíoxíðs eykst þegar eldvirkni er mikil á jörðinni. Þessi staðreynd gæti varpað ljósi á orsakir Íslad-anna, en ekkert hefur verið sannað í því sambandi ennþá.



Sumir hafa reynt að skýra orsakir Ísaldanna með því að þar væri um að ræða breytingar á hitastigi sjávar, en vart er hægt að telja það fullgilda ástæðu fyrir hinni gífurlegu ís-myndun á norðurhveli jarðar...